

**Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um þingsályktun um fræðslu 160 um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. nóvbr. 27. desbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað tvær samhljóða þingsályktanir, er samþykktar hafa verið af alþingi 1895, aðra samþykktar af efri deild og hina af neðri deild þingsins. Er í þessum þingsályktunum skorað á stjórnina:

»að hlutast til um að innleidd verði í alþýðu, gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks úr landsjóði, fræðsla um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama«.

Út af þessu hafið þjer tekið það fram, að framanritaðar þingsályktanir sjeu af ástæðum, er þjer nákvæmar tilgreinið, eptir skoðun yðar eigi þannig lagaðar, að þær verði teknar til greina, eins og þær eru, en að það muni ekkert vera því til fyrirstöðu, að farið verði að óskum alþingis á þann hátt, að nokkur tiltekin rit um áhrif áfengis á mannlegan líkama, sem út hafa verið gefin á Íslenzku af stórstúku Goodtemplarreglunnar í Reykjavík, verði send til allra lægr skóla, er njóta styrks af almannaþje, og sje forstöðumönnum skólanna lagt fyrir að stuðla til þess, að innihald þessara rita verði kunnugt þeim, er á skólana ganga. Hefir stórstúkan boðizt til að láta af hendi svo mörg eintök, sem þörf sje á í þessu efni.

Í tilefni af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar\*, að ráðaneytið verður að vera yður samdóma um það, að umgetnar þingsályktanir eigi geta orðið teknar til greina eins og þær eru, en að yður er falið að þekkjast boð stórstúku Goodtemplara um að láta af hendi hin umræddu rit. Síðan ber yður að annast um, að þau verði send til skólanna, eins og þjer hafið ráðið til.

\*) Brjef landshöfðingja.

Báðar deildir alþingis þess, er kom saman á þessu ári, hafa samþykkt eptir löglegan undirbúning tvær samhljóða þingsályktanir um að skora á stjórnina:

»að hlutast til um að innleidd verði í alþýðu, gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks úr landsjóði, fræðsla um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.

Og leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hjer með framannefndar þingsályktanir, bæði eins og þær komu frá deildunum og í danskri þýðingu.

Umgetnum ályktunum hefir komið af stað brjef eitt frá kirkju- og kennslumála-stjórninni til allra skólastjóra fyrir utan Kaupmannahöfn, dagsett 21. maí 1894, og prentað í ráðaneytatíðindunum s. á. bls. 79. Með brjefi þessu var að tilhlutun »Bindindisfjelagsins« sent rit eptir sveitarkennara Mich. Larsen og fólksþingsmann cand. phil. H. Trier um »áfengi og áhrif þess«, í því skyni, að skólakennarar landsins kæmu almenningi í skilning um eiginlegleika áfengis og hinar skaðlegu afleiðingar af misbeiting þess.

Nýnefnt rit hefir stórstúka Goodtemplarreglunnar hjer í bænnum látið þýða á Íslenzku; þar að auki er umgetin stórstúka að undirbúa útgáfu á öðru riti um sama efni, betur lögudu handa börnum, og hefir stórstúkan boðizt til að láta af hendi nægilega mörg eintök af þessum tveim ritum til þess að senda nefndum skólum.

Þótt ráðstöfun sú, sem alþingi fer fram á, þannig eigi mundi hafa í för með sjer

**161** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun snertandi 4. Nóvbr. styrk íslenzkra námsmanna við háskólann í Kaupmannahöfn. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. desbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað eptirritaða þingsályktun, sem samþykkt hefir verið af neðri deild alþingis 1895:

»Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að leita samninga við yfirstjórn háskólans í Kaupmannahöfn um það, að framvegis sje fækkað að mun námsstyrkum íslenzkra stúdenta við háskólann, en að sama skapi veittur styrkur af fje háskólans til kandidate frá embættaskólunum á Íslandi, er þess eru sjerstaklega maklegir, og dvelja að minnsta kosti árlangt við háskólann og færa sjer kennslu hans í nyt til að fullkomnast í námsgreinum sínum«.

Þjer hafði samt lagt fastlega á móti því, að gjört verði nokkuð í þá átt, að fá takmarkaðan forgöngurjett íslenzkra námsmanna til styrks af Kommuniteti og Garðsstyrks, en þetta er einkum haft fyrir augum í þingsályktuninni:

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar\*, að ráðaneytið verður að vera yður samdóma um það, að það sje með öllu óráðlegt að leita til hlutaðeigandi stjórnarvalda um erindi það, er deildin hefir stungið upp á, ekki einungis vegna þess, að það er frá íslenzku sjónarmiði varhugavert að koma af stað rannsókn um nauðsyn eða gagnsemi þess, að íslenzkir námsmenn njóti styrks við háskólann í svo ríkulægum mæli sem nú, heldur og vegna þess að ráðaneytið álitur það mjög efasamt, að það sje æskilegt að stúdentarnir, eins og þingsályktunin bendir að, hætti að fara á háskólann, en stundi heldur nám sitt við hina æðri skóla á Íslandi handa embættismannaefnum, og leiti síðan frekari fullkomnunar í því við háskólann, án þess að leysa þar nokkurt próf af hendi. Ráðaneytið hefir eigi út af hinni umræddu þingsályktun getað fundið neina ástæðu til að gjöra neitt í hinu umgetna efni.

---

nein bein útgjöld fyrir landssjóð, þá get jeg eigi sjeð, að umrædd ályktun sje þannig úr garði gjörð, að hún verði tekin til greina eptir því sem orðin liggja til, bæði vegna þess að fræðsla um áfengi og áhrif þess eigi virðist eiga að vera skyldunámsgrein í skólum þeim, er ályktanirnar ræða um, og svo vegna þess að það virðist ástæðulaust að láta hina umræddu kennslu þá eigi framfara í búnaðarskólum þeim og kvennaskólum, er landsjóður styrkir. Aptur á móti virðist ekkert því til fyrirstöðu, að ofan nefnt rit eða ofan nefnd rit yrðu að tilhlutun landsstjórnarinnar send hinum lægri skólum, er njóta styrks af almannatje, og sje um leið skorað á stjórnendur skólanna að gjöra sitt til að innihald þessara rita verði kunnugt þeim, sem í skólann ganga.

\*) Brjef landshöfðingja:

Neðri deild alþingis 1895 hefir samþykkt þingsályktun,

þar sem skorað er á stjórnina að leita samninga við yfirstjórn háskólans í Kaupmannahöfn um það, að framvegis sje fækkað að mun námstyrkum íslenzkra stúdenta við háskólann, en að sama skapi veittur styrkur af fje háskólans til kandidate frá